



Áhrif Mannréttindadómstóls Evrópu á Íslandi

Með áherslu á dóma Hæstaréttar í sakamálum

-BA ritgerð í lögfræði-

Pétur Hrafn Hafstein

Lagadeild
Félagsvísindasvið
Umsjónarkennari: Ásgerður Ragnarsdóttir
Desember 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur.....	2
2 Mannréttindasáttmáli Evrópu.....	2
2.1 Uppruni sáttmálans og gildistaka	2
2.2 Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu	3
2.2.1 Almennt um lögfestinguna.....	3
2.2.2 Tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar.....	3
2.2.3 Röksemdir fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu	5
2.3 Réttarheimildaleg staða ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu	6
3 Mannréttindadómstóll Evrópu.....	7
3.1 Tilurð dómstólsins, hlutverk hans og skipulag.....	7
3.2 Áhrif úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu	8
3.2.1 Fordæmi sem réttarheimild	8
3.2.2 Þjóðréttarlegt gildi úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu	10
3.2.3 Réttarheimildalegt gildi úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu	12
4 Bein áhrif úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu á dómaframkvæmd Hæstaréttar í sakamálum.....	15
4.1 Inngangur.....	15
4.2 Dómaframkvæmd Hæstaréttar þar sem beinna áhrifa gætir.....	15
4.2.1 Dómaframkvæmd fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu.....	15
4.2.2 Dómaframkvæmd eftir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu	19
5 Samantekt og niðurstöður.....	25
Heimildaskrá	27
Dómaskrá.....	28
Lagaskrá	29

1 Inngangur

Jafnan er talið til góðs að læra af mistökum annarra og ekki síður sínum eigin. Þannig má koma í veg fyrir hið óæskilega eða endurtekningu þess. Þetta góða heilræði má hæglega yfirfæra á réttarkerfið. Allt frá upphafi hafa úrskurðarstofnanir Evrópuráðsins skýrt inntak ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu í úrlausnum sínum. Með fylgispekt við fordæmi hinna erlendu stofnana, sem oft verða til vegna „mistaka“ aðildarríkja að sáttmálanum, má standa vörð um íturstu mannréttindi borgaranna og koma í veg fyrir þjóðréttarleg viðurlög, sem hlýtur að teljast æskilegt. Í ritgerð þessari verður fjallað um Mannréttindasáttmála Evrópu út frá kenningum um samband landsréttar og þjóðaréttar og þær breytingar sem orðið hafa á stöðu hans frá upphafi, allt frá fullgiltum samningi til stjórnarskrárígildis. Þá verður rætt um Mannréttindadómstól Evrópu á almennan hátt, réttarheimildina fordæmi og það gildi sem úrlausnir dómstólsins hafa hér á landi, bæði frá sjónarhóli þjóðaréttarins og réttarheimildafræðanna. Að lokum verður leitast við að greina þau beinu áhrif sem dómstóllinn og eftir atvikum Mannréttindanefnd Evrópu hefur haft á úrlausnir Hæstaréttar Íslands í sakamálum. Í því sambandi verður dómaframkvæmd réttarins á því sviði könnuð frá upphafi tíunda áratugar síðustu aldar til dagsins í dag. Engin efnisrök liggja að baki því að einskorða umfjöllunina við sakamál, heldur nauðsyn afmörkunar í ritgerð sem þessari og áhugi höfundar á þeirri tegund dómsmála.

2 Mannréttindasáttmáli Evrópu

2.1 Uppruni sáttmálans og gildistaka

Í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar, að undangengu gríðarlegu mannfalli, eyðileggingu og alvarlegum mannréttindabrotum, voru margir stjórnmalaleiðtogar heimsins, þ. á m. í Vestur-Evrópu, sannfærðir um að grípa þyrfti til alþjóðlegs samstarfs í þeim tilgangi að treysta frið og mannréttindavernd. Rekja má stofnun Evrópuráðsins (e. *Council of Europe*) árið 1949 til þessara fyrirbyggjandi hugmynda eftirstríðsáranna, en allt frá stofnun ráðsins hefur það gegnt þýðingarmiklu hlutverki í Evrópu við stefnumótun til verndar mannréttindum og í þróun lýðræðislegra stjórnarháttanna og grundvallarreglna réttarríkisins.¹

Á fyrsta fundi ráðgjafarþings Evrópuráðsins í ágúst árið 1949 var samþykkt að hefja undirbúning að gerð samnings milli aðildarríkjanna um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Kveðið skyldi á um verndun tíu grundvallarréttinda og stofnun Mannréttindanefndar og Mannréttindadómstóls Evrópu til að tryggja að réttindin yrðu í heiðri höfð. Afrakstur þessarar

¹ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 29.

samvinnu var samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem undirritaður var 4. nóvember 1950 á fundi ráðherra nefndar Evrópuráðsins, en hann er venjulega nefndur Mannréttindasáttmáli Evrópu. Samkvæmt 66. gr. samningsins átti hann að öðlast gildi þegar tíu aðildarríki Evrópuráðsins hefðu fullgilt samninginn og afhent aðalritara gögn þess efnis. Hinn 19. júní 1953 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal íslenska ríkisins á samningnum, sbr. auglýsingu nr. 11/1954, en samningurinn sjálfur tók gildi 3. september sama ár, þegar tilskilinn fjöldi aðildarríkja hafði fullgilt hann og afhent Evrópuráðinu fullgildingarskjöl sín.² Í dag eru aðildarríki að sáttmálanum 47 talsins, en aðild er skilyrði fyrir inngöngu ríkja í Evrópuráðið.³

2.2 Lögfesting Mannréttindasáttmála Evrópu

2.2.1 Almenn um lögfestinguna

Með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu sem tóku gildi 30. maí 1994 var Mannréttindasáttmáli Evrópu (hér eftir nefndur MSE eða sáttmálinn) lögfestur hér á landi, sbr. 1. gr. laganna þar sem nánar er afmarkað hvað efnislega felst í lögfestingunni. Samkvæmt þeirri grein öðlast efnisákvæði MSE og viðauka hans, sem þar er vísað til, lagagildi á Íslandi og breytist þar með réttarheimildaleg staða sáttmálans úr því að vera þjóðréttarleg skuldbinding á grundvelli alþjóðasamnings yfir í að vera almenn lög frá Alþingi. Hin formlega breyting á stöðu sáttmálans felur í sér að ákvæði hans og þar með þau réttindi einstaklinga sem hann mælir fyrir um öðlast bein réttaráhrif að landsrétti.⁴ Er því ljóst að lögfesting MSE var drjúgur áfangi í viðurkenningu mikilvægis sáttmálans og þeirra réttinda sem hann verndar.⁵

2.2.2 Tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar

Áður en haldið er lengra er rétt að gera grein fyrir þeim tveimur kenningum sem uppi eru um tengsl landsréttar og þjóðaréttar, en þær hafa verið nefndar eindarkenning (monismi) og tvenndarkenning (dualismi). Davíð Þór Björgvinsson hefur lýst kjarna þessa tvíþætta eðlis með eftirfarandi hætti:

Samkvæmt eindarkenningunni er lagt til grundvallar að þjóðaréttur og landsréttur séu eitt og sama réttarkerfið. Af kenningunni leiðir að reglur þjóðaréttarins eru hluti landsréttarins, án þess að frekari ráðstafanir séu gerðar til að lögfesta þær. Þá verður afleiðingin oft sú að litið er

² Alpt. 1993-1994, A-deild, bls. 781.

³ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur - Mannréttindi*, bls. 81.

⁴ Davíð Þór Björgvinsson: „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um Mannréttindasáttmála Evrópu“, bls. 346.

⁵ Björg Thorarensen: „Formáli“, bls. 5.

á reglur þjóðaréttarins sem æðri réttarheimildir en landslög. Samkvæmt tvenndarkenningunni er aftur á móti litið svo á að þjóðaréttur og landsréttur séu tvö aðskilin réttarkerfi. Þjóðarétturinn gildir um samskipti ríkja, en landsréttur um samskipti þegna ríkis innbyrðis og í samskiptum þeirra við yfirvöld. Af þessari kenningu leiðir að þjóðréttarreglurnar hafa að jafnaði ekki bindandi gildi að landsrétti, nema þær hafi verið sérstaklega lögfestar. Þeim verður þar af leiðandi hvorki beitt um lögskipti þegnanna innbyrðis, né í samskiptum þeirra við yfirvöld.⁶

Í íslenskum rétti gildir sú meginregla að þjóðréttarreglur, á hvaða grundvelli sem er, teljast ekki til landslaga og eru þar af leiðandi ekki bindandi á beinan hátt fyrir íslenska ríkisborgara, eins og almenn lög. Þjóðréttarreglur njóta ekki stöðu beinna réttarheimilda í íslenskum landsrétti. Hins vegar eru milliríkjasamningar á borð við MSE sem fullgiltir hafa verið samkvæmt íslenskum lögum að sjálfsögðu skuldbindandi fyrir íslenska ríkið að þjóðarétti. Vanefni ríkið slíkar skuldbindingar getur það sætt þjóðréttarlegum viðurlögum. Er því ljóst að réttarkerfið hér á landi byggir á tvenndarkenningunni um tengsl landsréttar og þjóðaréttar en ekki eindarkenningunni líkt og hjá sumum öðrum þjóðum.⁷

Allt til loka níunda áratugar síðustu aldar var fullt samræmi í íslenskri réttarframkvæmd um tengsl landsréttar og þjóðaréttar. Milliríkjasamningum var ekki beitt gagnvart íslenskum ríkisborgurum fyrr en samningsákvæðin eða efni þeirra var lögfest.⁸ Var þessi meginregla staðfest í fjölmörgum dómum Hæstaréttar, meðal annars í *Hrd. 1975, bls. 601*, um hundahald í Reykjavík, þar sem reyndi á túlkun MSE.⁹ Var það niðurstaða réttarins að ekkert hald væri í því að vísa til ákvæða sáttmálans þar sem hann hefði ekki lagagildi á Íslandi þrátt fyrir aðild Íslands að MSE. Í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar má merkja umtalsverða breytingu á dómaframvæmd Hæstaréttar í þessum efnum. Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu í nokkrum málum, þvert á fyrri túlkun, að skýra bæri ákvæði settra laga og stjórnarskrárinnar með hliðsjón af reglum MSE, sem á þeim tíma var ólögfestur. Þar má fyrstan nefna dóm *Hrd. 1990, bls. 2*, um vanhæfi fulltrúa sýslumannsins í Árnessýslu til að fara með dómsvald í máli vegna fyrri afskipta sinna af málinu sem fulltrúi lögreglustjóra. Þessi dómur var tvímælalaust stefnumarkandi um áhrif MSE á landsrétt skömmu fyrir lögfestingu sáttmálans. Í kjölfarið gengu fleiri dómar þar sem hinni nýju framkvæmd um gildi þjóðaréttar gagnvart landsrétti var fylgt eftir.¹⁰ Síðar í þessari ritgerð verður nánar fjallað um dómaframkvæmd Hæstaréttar fyrir

⁶ Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“, bls. 67.

⁷ Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 40-41.

⁸ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 159; Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 41.

⁹ Sem dæmi um aðra dóma Hæstaréttar þar sem komist var að svipaðri niðurstöðu má nefna: *Hrd. 1985, bls. 1290; Hrd. 1987, bls. 356; Hrd. 1988, bls. 1532*.

¹⁰ Má sem dæmi nefna dóma Hæstaréttar í eftirtöldum málum: *Hrd. 1990, bls. 92; Hrd. 1992, bls. 401; Hrd. 1993, bls. 355*.

gildistöku MSE með hliðsjón af áhrifum Mannréttindadómstóls Evrópu. Í *Hrd. 1992, bls. 174*, gekk rétturinn enn lengra í átt frá fyrri framkvæmd, þar sem settri lagareglu í lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála var í raun vikið til hliðar þar sem hún samræmdest ekki ákvæði MSE og ríkissjóði gert að greiða fyrir aðstoð dómtúlks.¹¹

Sú framkvæmd Hæstaréttar, sem greina má frá byrjun tíunda áratugar síðustu aldar, að beita ákvæðum MSE þótt hann hefði ekki verið lögfestur er ekki að öllu leyti úr lausu lofti gripin því að í fræðikenningum hafði verið viðurkennd sú lögskýringarregla að skýra skyldi ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Á grundvelli hennar geta þjóðréttarreglur haft veigamikil áhrif á réttarframkvæmd hérlendis, þótt byggt sé á tvenndarkenningunni.¹² Hið sama verður varla sagt um *Hrd. 1992, bls. 174*, þar sem rétturinn gekk lengra en svo að skýra landsrétt með hliðsjón af ákvæðum MSE og leit beinlínis fram hjá settri lagareglu og beitti í reynd ákvæði MSE. Telja verður að sú niðurstaða hafi gengið lengra en þá var almennt viðurkennt, að teknu tilliti til tvenndarkenningarinnar.¹³

2.2.3 Röksemdir fyrir lögfestingu Mannréttinasáttmála Evrópu

Í almennum athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 62/1994 um mannréttinasáttmála Evrópu eru færð ýmis rök fyrir lögfestingu sáttmálans. Þar segir að úrlausnir innlendra dómstóla, sem og úrlausnir stofnana Evrópuráðsins, þar á meðal Mannréttindadómstóls Evrópu, bendi til þess að íslensk löggjöf veiti ekki fullkomna réttarvernd samkvæmt sáttmálanum. Eftir að misræmi landsréttar og ákvæða MSE hafi orðið sýnilegra hafi sú skoðun fengið aukinn meðbyr að lögfesta bæri sáttmálann.¹⁴

Meðal helstu röksemda fyrir lögfestingu sáttmálans sem talin eru upp í greinargerðinni má nefna að réttindi einstaklinga fengju aukna vernd, réttaröryggi ykist og að í sumum greinum MSE væri að finna ítarlegri ákvæði um einstaka þætti mannréttinda en í íslenskri löggjöf. Þá segir að eftir lögfestingu geti einstaklingar borið ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu, bæði fyrir dómi og stjórnvöldum, en ekki aðeins til leiðbeiningar við lögskýringu. Er hér um að ræða þau beinu réttaráhrif sem nefnd eru að framan. Í greinargerðinni er því einnig haldið fram að lögfestingin auðveldi dómsúrlausnir og ákvarðanir stjórnvalda í mannréttindamálum. Að lokum má nefna þá röksemd að búast megi við óbeinum áhrifum

¹¹ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttinasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 159-160; Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 41.

¹² Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttinasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“, bls. 68; Davíð Þór Björgvinsson: „Beiting Hæstaréttar á lögnum um Mannréttinasáttmála Evrópu“, bls. 348.

¹³ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttinasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 161.

¹⁴ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 801.

sem hafi í för með sér ríkari tilhneigingu en áður til að beita rúmri skýringu á ákvæðum stjórnarskrárinnar í takt við reglur sáttmálans þegar við á, enda þótt lögfesting sáttmálans breyti ekki ákvæðum mannréttindakafla stjórnarskrárinnar efnislega, sem sögð eru fáorð og komin til ára sinna.¹⁵

2.3 Réttarheimildaleg staða ákvæða Mannréttindasáttmála Evrópu

Með lögfestingu MSE öðluðust ákvæði sáttmálans formlega stöðu almennra laga, eins og lögð er áhersla á í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 62/1994. Um áhrif lögfestingar sáttmálans á lagaframkvæmd, þar á meðal stöðu laganna gagnvart almennum lögum og stjórnlögum, segir meðal annars í greinargerðinni:

Lögfesting frumvarpsins hefði þannig í för með sér að líta megi svo á að fyrirmæli eldri laga, sem kunna að reynast ósamþýðanleg ákvæðum sáttmálans, teldust að meginreglu falla niður við gildistöku laganna. Með því hins vegar að hér yrði um almenn lög að ræða yrðu ákvæði þeirra yfirleitt að víkja fyrir yngri lögum. ... Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að gefa sér að yngri lög gætu vikið til hliðar ákvæðum mannréttindasáttmálans ef þetta frumvarp yrði að lögum. Í því sambandi verður að minnast þess að samþykkt þessa frumvarps mundi óhjákvæmilega orka þannig á skýringu núgildandi reglna stjórnarskrárinnar að yngri lög, sem kynnu að stangast á við ákvæði mannréttindasáttmálans, kynnu um leið að teljast stríða gegn stjórnarskránni eins og hún yrði skýrð í framtíðinni. Þá verður einnig að taka tillit til þess, að skuldbinding íslenska ríkisins að þjóðarétti samkvæmt sáttmálanum stæði óhögguð þó að yngri lög kynnu í tilteknu atriði að ganga fyrir ákvæðum laga um gildi mannréttindasáttmálans að íslenskum landsrétti. Gætu því dómstólar með sama hætti og hingað til beitt ákvæðum sáttmálans í úrlausnum sínum til skýringar á yngri lögum.¹⁶

Af þessum ummælum greinargerðarinnar um stöðu ákvæða sáttmálans má álykta að það hafi ekki verið ætlun löggjafans að raska hefðbundnum sjónarmiðum um rétthæð réttarheimilda. Með vísan til formlegrar stöðu sáttmálans sem almennra laga komi lögfesting hans því ekki í veg fyrir að sett verði yngri lög sem stangist á við ákvæði hans.¹⁷ Þrátt fyrir það er því haldið fram í greinargerðinni að lögfestingin muni hafa þau áhrif á skýringu stjórnarskrárinnar að hún verði framvegis skýrð með hliðsjón af ákvæðum MSE, þannig að yngri lög sem færu í bága við ákvæði sáttmálans kynnu einnig að stangast á við reglur stjórnarskrárinnar.¹⁸ Þess ber að minnast, líkt og fjallað er um að framan, að sú lögskýringarregla að skýra skuli ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar hefur ávallt verið viðurkennd og hana mátti greina í niðurstöðum Hæstaréttar

¹⁵ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 801-802.

¹⁶ Sama heimild, bls. 800.

¹⁷ Davíð Þór Björgvinsson: „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um Mannréttindasáttmála Evrópu“, bls. 347; Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 84.

¹⁸ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 800.

fyrir lögfestingu MSE. Má því efast um að lögfestingin sem slík hafi skipt sköpum. Sigurður Líndal lítur á MSE sem stjórnarskrárigildi, en hann kemst svo að orði:

... sýnist eðlilegra að líta svo á að lögfesting ákvæða mannréttinasáttmálans sé ekki annað en staðfesting á óskráðum meginreglum til tryggingar mannréttindum sem þegar gildi í landinu sem grundvallarlög til fyllingar ákvæðum stjórnarskrárinnar. Samkvæmt þessu megi skoða mannréttinasáttmálann sem *stjórnarskrárigildi*.¹⁹

Með stjórnarskipunarlögum nr. 97/1995 var mannréttindakafli stjórnarskrárinnar endurskoðaður. Voru ákvæði hans færð til samræmis við tilsvarendi ákvæði alþjóðlegra mannréttinasáttmála, ekki síst MSE eins og ítrekað kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laganna.²⁰ Talið hefur verið að stjórnlagagildi MSE hafi aukist með þessum breytingum stjórnarskrárinnar, þótt sáttmálanum sjálfum verði ekki formlega skipað á bekk með stjórnslögum.²¹

3 Mannréttindadómstóll Evrópu

3.1 Tilurð dómstólsins, hlutverk hans og skipulag

Hinn 21. janúar 1959 tók Mannréttindadómstóll Evrópu (hér eftir nefndur MDE eða dómstóllinn) til starfa eftir að átta aðildarríki sáttmálans gengust opinberlega undir valkvæða lögsögu hans.²² Dómstóllinn, ásamt Mannréttindanefnd Evrópu, var stofnaður á grundvelli 19. gr. MSE eins og ákvæðið hljóðaði í þá daga, en eftir að 11. viðauki við sáttmálann tók gildi var Mannréttindanefndin lögð niður. Því hefur verið haldið fram að dómstóllinn hafi fest sig svo rækilega í sessi á stjórnskipulegum grundvelli að við hæfi sé að líta á hann sem nokkurs konar stjórnlagadómstól Evrópu, að minnsta kosti á sviði mannréttinda, og er það til marks um mikilvægi dómstólsins.²³ Tilgangur dómstólsins er að hafa eftirlit með því að aðildarríkin uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt MSE, en núgildandi 19. gr. sáttmálans hljóðar svo: „Til að tryggja það að staðið sé við skuldbindingar þær sem aðilar sammings þessa og sammingsviðauka við hann hafa tekist á hendur skal setja á stofn mannréttindadómstól Evrópu ...“.

¹⁹ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 85.

²⁰ Alþt. 1994-1995, A-deild, bls. 2073 og 2077-2080.

²¹ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 85.

²² Fyrir þær breytingar sem gerðar voru á MSE með 11. viðauka var lögsaga hans formlega séð valkvæð, sbr. þágildandi 46. gr. MSE. Í dag eru því öll 47 aðildarríki Evrópuráðsins og þar með MSE undir lögsögu dómstólsins komin. Sjá Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttinasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 35; Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 81-82.

²³ David John Harris, Michael O'Boyle og Colin Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights*, bls. 648.

Grundvöllur þessa eftirlitskerfis er sá að bæði aðildarríki og einstaklingar geta komið á framfæri við dómstólinn kærur um meint brot aðildarríkis á ákvæðum MSE. Hin mikla skilvirkni kerfisins byggir meðal annars á því að aðildarríkin hafa undirgengist bindandi þjóðréttarlögsögu alþjóðadómstóls sem tekur fyrir kærur á hendur þeim og sker úr um hvort aðildarríki hafi, í tilteknu tilviki, gerst brotlegt gagnvart ákvæðum sáttmálans og eftir atvikum bakað sér skaðabótaskyldu af því tilefni, sbr. 41. gr. sáttmálans. Þetta er gert með bindandi dómsúrlausnum sem fylgt er eftir af ráðherranefndinni.²⁴

Einn dómari frá hverju aðildarríki MSE á sæti í dómstólnum. Þeir njóta fulls sjálfstæðis í störfum sínum og koma ekki fram sem fulltrúar síns ríkis. Dómstóllinn starfar í fjórum aðaldeildum og er dómurum hveurrar aðaldeildar fyrir sig raðað niður í deildir, sem sjö dómara skipa. Nefndir þriggja dómara starfa einnig innan hveurrar aðaldeildar, en hlutverk þeirra er að skera úr um hvort mál séu tæk til meðferðar. Við dómstólinn starfar ennfremur yfirdeild sem sautján dómara skipa.²⁵ Fjallað er um hlutverk og verkefni yfirdeildarinnar í 30. og 43. gr. MSE.

3.2 Áhrif úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu

3.2.1 Fordæmi sem réttarheimild

Fordæmi dómstóla eru viðurkennd réttarheimild í íslenskum rétti.²⁶ Með fordæmishugtakinu er átt við að „dómsúrlausn hafi gengið um tiltekið réttatriði og að hún sé notuð sem fyrirmynd í síðara dómsmáli.“²⁷ Ýmis rök hafa verið færð fyrir fylgisemi við fordæmi og mun þeirra helstu nú getið. Í fyrsta lagi eru allir jafnir fyrir lögnum og má því segja að einstaklingar eigi beina kröfu um að sama regla og áður hefur verið slegið fastri af æðsta dómstól þjóðar verði talin gilda í sambærilegu máli.²⁸ Í annan stað stuðlar samræmi í réttarframkvæmd að fyrirsjáanleika, réttaröryggi borgaranna og tiltrú þeirra á réttarkerfinu og er í takt við almenna réttarvitund. Í þriðja lagi hefur því verið hreyft að frávik frá fordæmi sem talið var gildandi réttur og menn hafa treyst og fylgt megi jafna til setningar afturvirkrar lagareglu þegar sambærilegt mál kemur til kasta dómstóla.²⁹

²⁴ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 82.

²⁵ Sjá Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 35-36; Alþt. 1993-1994, bls. 786.

²⁶ Um almenna umfjöllun um fordæmi má vísa til: Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 213-231; Sigurður Lindal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 193-294.

²⁷ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 213.

²⁸ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*, bls. 29.

²⁹ Sjá Sigurður Lindal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 288-291; Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 125-126.

Í íslenskri réttarheimildafræði má greina nokkurn áherslumun um gildi fordæmis sem réttarheimildar, það er hvort og að hvaða marki fordæmi bindi dómstóla í síðari úrlausnum sínum.³⁰ Ármann Snævarr kemst svo að orði um stöðu fordæma Hæstaréttar í íslenskri réttarframkvæmd:

Hér á landi er Hæstiréttur ekki bundinn af fyrri úrlausnum sínum og engri réttarreglu er fyrir að fara, sem bindur héraðsdómara skyldu til að fylgja fordæmi Hæstaréttar. Allt að einu skipta fordæmi miklu máli hér á landi.³¹

Sigurður Líndal tekur að vissu leyti í sama streng:

Fordæmi dómstóla hafa ekki verið talin bindandi réttarheimildir, en eru það þó í reynd. Hæstiréttur einn er óbundinn. ... Ekkert í settum lögum skyldar dómendur eða aðra handhafa úrlausnarvalds til að fara eftir fordæmum. Það felst hins vegar í lagahugtakinu sjálfu að lög séu tiltölulega stöðug og það bindur hendur dómstóla að vissu marki. ... Reynslan sýnir að Hæstiréttur hvarflar afar sjaldan frá fyrri úrlausnum. Aðrir dómstólar fara eftir fordæmum Hæstaréttar og í lögskiptum sínum leggja menn fordæmi hans til grundvallar.³²

Skúli Magnússon telur framangreinda lýsingu fræðimannanna tveggja um réttarheimildalega stöðu fordæma Hæstaréttar ganga of skammt og heldur því fram að:

... til sé réttarregla að íslenskum rétti um að dómstólar, þ. á m. Hæstiréttur, eigi að fylgja fyrri fordæmum réttarins að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. ... fordæmi geti falið í sér bindandi réttarreglur sem dómurum, þ. á m. hæstaréttardómurum, er skylt að hlíta.³³

Jón Steinar Gunnlaugsson hefur bent á eðli fordæmis sem afleiddrar réttarheimildar sem feli það í sér að hún grundvallist á beitingu þeirra réttarheimilda sem fyrir lágu þegar leyst var úr tilteknu álitaefni í fyrsta skipti, þ.e. þegar fordæmið var upphaflega myndað. Hvað varðar stöðu fordæma að íslenskum rétti má segja að hann taki í meginatriðum undir með Skúla Magnússyni, en Jón Steinar orðar afstöðu sína svo:

... leggja [ber] fordæmi til grundvallar dómi í sambærilegu yngra máli nema dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að sú meðferð réttarheimilda, sem réði fyrri niðurstöðunni, hafi verið röng eða réttarheimildir hafi breyst eftir að hann var kveðinn upp. ...[fordæmi] sé jafn bindandi og sú réttarheimild var, sem lá því til grundvallar.³⁴

Með vísan til fræðikenninga um gildi fordæma að íslenskum rétti má segja að meginviðhorfið sé það að í formlegum skilningi bindi fordæmi ekki hendur dómstóla og

³⁰ Áréttá skal að umfjöllun þeirra fræðimanna sem hér er vísað til fjallar fyrst og fremst um fordæmisgildi íslenskra dóma.

³¹ Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 216.

³² Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 77 og 193.

³³ Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 104. Höfundur færir rök fyrir þessari niðurstöðu og vísast um það til bls. 103-163 í heild.

³⁴ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*, bls. 81 og 83.

annarra úrskurðaraðila sem réttarheimild. Almennt beri þó að leggja fordæmi til grundvallar úrlausn í máli þar sem ágreiningsefnið er það sama eða sambærilegt því sem áður hefur verið dæmt um, sérstaklega fordæmi Hæstaréttar, nema gild rök réttlæti aðra niðurstöðu.³⁵

Það er vandkvæðum bundið að útlista á skýran hátt hvaða röksemdir teljist fullnægjandi þegar íslenskir dómstólar víkja frá fordæmi, enda liggur engin slík óyggjandi skilgreining fyrir. Þá rúmast slík umfjöllun ekki innan efnis þessarar ritgerðar. Af hálfu fræðimanna hefur hins vegar mikið verið ritað um þessi efni og dómaframkvæmd Hæstaréttar krufin í því skyni að meta með hvaða hætti og á grundvelli hvers konar raka rétturinn víkur frá fyrri fordæmum.³⁶ Ýmis rök hafa þó verið sett fram gegn fylgisemi við fordæmi. Má þar helst nefna að tryggð við fordæmi tálmi framþróun réttarins, fyrri úrlausnir séu vafasamar eða beinlínis rangar og að leggja eigi sjálfstætt mat á atvik hvers máls.³⁷ Skúli Magnússon telur að frávik frá fordæmi verði aðeins réttlætt:

... þegar dómur er bersýnilega byggður á mistökum eða yfirsjón, einkum þannig að dómurum hefur yfirsést sett lagaregla, venja eða fordæmi. ... Einnig er heimilt að víkja frá fordæmi ef aðstæður, sem dómur tók mið af, hafa breyst verulega frá því að hann var kveðinn upp þannig að fordæmi telst úrelt og getur fráleitt átt við nýjar aðstæður.³⁸

Þá telur Sigurður Líndal að ekki skuli víkja frá fordæmi „nema þungvæg rök knýi á, svo sem bersýnileg mistök, mjög óheppilegar afleiðingar eða gerbreyttar forsendur.“³⁹

3.2.2 Þjóðréttarlegt gildi úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu

Í 2. gr. laga nr. 62/1994 er kveðið á um gildi úrlausna stofnana Evrópuráðsins að landsrétti, en greinin hljóðar svo: „Úrlausnir mannréttindanefndar Evrópu, mannréttindadómstóls Evrópu og ráðherranefndar Evrópuráðsins eru ekki bindandi að íslenskum landsrétti.“ Að baki ákvæðinu má merkja grunnsjónarmið réttarkerfis sem byggist á tvenndarkenningunni og stjórnskipulegri meginreglu um fullveldi ríkisins og stofnana þess.⁴⁰

Víða í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 62/1994 birtist það sjónarmið löggjafans að ennþá verði byggt á meginreglunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar hvað varðar gildi úrlausna stofnana Evrópuráðsins að landsrétti, þrátt fyrir lögfestingu sáttmálans. Fram kemur að staða úrlausna umræddra stofnana gagnvart aðildarríki taki ekki sjálfkrafa breytingum við

³⁵ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttinasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 74.

³⁶ Sjá Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um fordæmi og valdmörk dómstóla*, bls. 85-125; Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 243-294; Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 103-163.

³⁷ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 291-294.

³⁸ Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 153.

³⁹ Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 288.

⁴⁰ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttinasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 156-157.

lögfestingu sáttmálans, enda sé þar eingöngu kveðið á um hvort íslenska ríkið hafi brotið gegn þjóðréttarlegum skuldbindingum sínum á grundvelli sáttmálans og eftir atvikum hvort greiða skuli skaðabætur að tiltekinni fjárhæð.⁴¹ Ummæli þessi verða skilin svo að sem fyrr bindi úrlausnirnar íslenska ríkið aðeins að þjóðarétti.⁴²

Það er í verkahring íslenskra aðila sem starfa á grundvelli íslenskra laga að sjá til þess að þeim þjóðréttarskuldbindingum sem skapast geta á grundvelli úrlausna MDE verði fullnustað.⁴³ Komist MDE að þeirri niðurstöðu í máli gegn íslenska ríkinu að það hafi brotið í bága við skuldbindingar sínar og aðila hafa verið dæmdar bætur samkvæmt 41. gr. sáttmálans og málskostnaður, skal íslenska ríkið að þjóðarétti framfylgja dómnum og fullnægja honum með því að endurgreiða aðila útlagðan kostnað af málaferlunum og greiða honum bætur.⁴⁴ Davíð Þór Björgvinsson kemst svo að orði um áhrif dómsúrlausna MDE í þessu samhengi: „Lagaáhrif dóms Mannréttindadómstólsins jafngilda því í reynd að hann sé bindandi að lögum gagnvart íslenska ríkinu, hvað sem líður formlegum skilum milli þjóðaréttar og landsréttar og orðalagi 2. gr. laga nr. 62/1994.“⁴⁵

Lögfesting sáttmálans felur ekki í sér framsal á íslensku dómshaldi. Úrlausnir MDE hnekkja hvorki dómi eða annarri úrlausn sem fengist hefur um kæruefnið í aðildarríki að sáttmálanum né fella þær úr gildi íslenska dóma eða breyta íslenskum lögum. Íslenska ríkið er hins vegar skuldbundið að þjóðarétti til að lagfæra löggjöf sína til samræmis við niðurstöðu dómstólsins, líkt og verið hefur allt frá fullgildingu sáttmálans. Dómstóllinn sker eingöngu úr um hvort aðildarríki hafi, í tilteknu tilviki, brotið gegn ákvæðum MSE og þar með þjóðréttarlegum skuldbindingum sínum og eftir atvikum hvort greiða beri skaðabætur að tiltekinni fjárhæð.⁴⁶ Þótt dómstóllinn taki í eðli sínu afstöðu til sérstæðra mála aðildarríkja og skeri úr um hvort þau hafi fullnægt skyldum sínum samkvæmt sáttmálanum í tilteknu tilviki er hann ekki áfrýjunarstig í máli og endurskoðar ekki dómsúrlausn aðildarríkis, þ.e. „mat á staðreyndum eða beitingu sönnunar- eða réttarreglna, sem niðurstaða dómstóls aðildarríkis byggist á.“⁴⁷

Gera verður skýr skil á þeim eðlismun sem felst í bindandi gildi úrlausna MDE að þjóðarétti annars vegar og gildi þeirra að landsrétti hins vegar, þ.e. réttarheimildalegu gildi sem fordæmis við skýringu ákvæða MSE í réttarframkvæmd. Af greinargerð með frumvarpi

⁴¹ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 790-791 og 805.

⁴² Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 71-72.

⁴³ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 803.

⁴⁴ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 73.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 74.

⁴⁶ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 787, 803 og 805.

⁴⁷ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 170; Sjá einnig: Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 787.

til laga nr. 62/1994 og orðalagi 2. gr. má greina einbeittan vilja löggjafans til aðgreiningar á þessu tvíþætta gildi úrlausna dómstólsins í takt við tvenndarkenninguna.⁴⁸

3.2.3 Réttarheimildalegt gildi úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu

Lög nr. 62/1994 fela hvorttveggja í sér lögfestingu ákvæða MSE og yfirlýsingu þess efnis að úrlausnir stofnana Evópuráðsins hafi ekki bindandi gildi að íslenskum landsrétti, sbr. 1. og 2. gr. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að eitt af helstu markmiðum þeirra sé að tryggja samræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans. Þá segir enn fremur að öðlist frumvarpið lagagildi verði einungis orð tiltekinnar þjóðréttarsamninga hluti íslensks landsréttar. Fordæmi mannréttindanefndarinnar og MDE við skýringu þessara orða, þ.e. ákvæða sáttmálans og viðauka með honum, öðlist ekki gildi landslaga. Enn er hnykkt á sömu sjónarmiðum og sagt að dómstólar og stjórnvöld verði óbundin af fordæmum þessara stofnana nái frumvarpið fram að ganga þannig að sjálfstæði þeirra verði á engan hátt skert. Þá segir að vald til sjálfstæðrar skýringar og beitingar á ákvæðum sáttmálans verði hjá íslenskum dómstólum og stjórnvöldum, þar á meðal í þeim tilvikum þegar ekki er við fordæmi frá umræddum stofnunum að styðjast.⁴⁹

Þrátt fyrir þessa eindregnu afstöðu löggjafans til gildis umræddra úrlausna er að nokkru leyti dregið í land í sama kafla greinargerðarinnar en þar segir meðal annars:

Á hinn bóginn má telja sjálfsgagt að reikna með að íslenskir dómstólar og stjórnvöld hefðu slík fordæmi til leiðsagnar þegar reyna kynni á skýringu einstakra ákvæða laganna. ... staða þeirra [yrði] í raun ekki önnur en á ýmsum sviðum við beitingu íslenskra laga sem eiga sér samhljóða erlendar hliðstæður, en í slíkum tilvikum er alvanalegt að huga að erlendri réttarframkvæmd til leiðsagnar um vafaatriði. Má einnig hafa í huga að dæmi eru þegar af því í íslenskum dómsúrlausnum að vísað sé um fyrirmyndir til skýringa mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins á tilteknum ákvæðum sáttmálans. ... er þó varla að vænta að úrlausnir um mikilvæg atriði verði byggðar í ríkum mæli á skýringum sem eiga sér ekki einhverja fyrirmynd eða bakhjarl í fræðilegri umfjöllun um ákvæði sáttmálans þótt íslenskum dómstólum væri það vissulega heimilt.⁵⁰

Dóra Guðmundsdóttir hefur sett fram þá skoðun að telja verði „þá mynd sem dregin er upp í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 62/1994, og þá skipan sem löggin gera ráð fyrir, allmjög einfaldaða“, en hún kemst jafnframt svo að orði:

Enda þótt ákvæði 2. gr. laga nr. 62/1994 sé án efa hugsað sem öryggisákvæði og ástæður ákvæðisins séu öðru fremur hugmyndir um að fullveldi ríkis og sjálfstæði dómstóla og stjórnvalda þess sé ekki skert, má efast mjög um að ákvæðið sé nauðsynlegt, eða heppilegt, sem

⁴⁸ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 72-73.

⁴⁹ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 800-801.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 800-801.

lagaákvæði og sérstaklega hvort það er í samræmi við tilgang og anda laga sem mæla fyrir um lögtöku mannréttindasáttmálans.⁵¹

Davíð Þór Björgvinsson tekur að vissu leyti í sama streng og telur að:

... hugleiðingar í greinargerð um heimild íslenskra dómstóla til að skýra sáttmálann sjálfstætt séu óraunhæfar og hafi ekki sérstaka þýðingu þegar á hólminn er komið, nema í þröngum formlegum skilningi og mögulega í tilvikum þar sem dómafordæmi sem byggt verður á eru ekki til. Þá ganga hugleiðingar í greinargerð um leiðbeiningargildi dóma Mannréttindadómstólsins of skammt.⁵²

Í þessu sambandi hefur Davíð Þór haldið því fram að í grundvallaratriðum eigi sömu sjónarmið við um fordæmisgildi úrlausna MDE og fordæmi innlendra dómstóla. Íslenskir dómstólar séu í reynd enn bundnari af úrlausnum MDE en sínum eigin fordæmum, enda geti íslenska ríkið að öðrum kosti gerst brotlegt að þjóðarétti í ljósi þjóðréttarlegs skuldbindingargildis sáttmálans. Hefur hann fært sannfærandi rök fyrir staðhæfingu sinni um aukið fordæmisgildi úrlausna MDE. Verða þau helstu nú stuttlega rakin.⁵³

Fyrst ber að nefna að þau grundvallarréttindi sem sáttmálinn verndar eru rúmlega hálftrar aldar gömul. Allt frá því að MDE hóf störf hefur hann fengist við túlkun ákvæða sáttmálans í úrlausnum sínum og þróað inntak þeirra. Er því óumflýjanlegt að taka mið af úrlausnum dómstólsins í mikilvægum málum til að öruggt sé að þau mannréttindi sem sáttmálinn verndar verði virt í réttarframkvæmd aðildarríkjanna. Í annan stað ber að líta til þess að mannréttindaákvæði eru í eðli sínu stutt, hnitmiðuð og almennt orðuð. Er því ekki unnt að gera fullnægjandi grein fyrir efni sáttmálans, eins og hann er skýrður á hverjum tíma, án þess að líta til fordæma dómstólsins. Í þriðja lagi hafa í meðförum dómstólsins orðið til óskráðar meginreglur, lögskýringaraðferðir og venjur sem hafa verulegt gildi við afmörkun, túlkun og beitingu ákvæða sáttmálans. Þá má minnast áður nefndrar lögskýringarreglu að skýra skuli ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar.⁵⁴

Af þessum rökum er ljóst að íslenskir dómstólar komast ekki hjá því að hafa hliðsjón af dómum MDE við túlkun og beitingu ákvæða MSE, almennra laga og ákvæða stjórnarskrárinnar að því marki sem ákvæði hennar eiga sér efnislega samsvörun í sáttmálanum eftir að stjórnarskipunarlög nr. 97/1995 tóku gildi. Lagi íslenskir dómstólar sig ekki að dómaframkvæmd dómstólsins má gera ráð fyrir því að íslenska ríkið lúti í lægra haldi

⁵¹ Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“, bls. 168-169.

⁵² Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 75-76.

⁵³ Umfjöllunin í heild sinni: Davíð Þór Björgvinsson: Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 75-77; Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 314-316.

⁵⁴ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 75.

í kærumáli fyrir MDE vegna brota sinna á þjóðréttarlegum skuldbindingum. Framangreint á einnig við um fordæmi stofnana Evrópuráðsins sem lágu fyrir áður en sáttmálinn var lögfestur.⁵⁵

Þessi niðurstaða er í samræmi við það markmið með lögfestingu sáttmálans að þau réttindi sem sáttmálinn mælir fyrir um verði tryggð hér á landi en það var einnig markmið stjórnarskipunarlaganna nr. 97/1995. Þá hvílir það sjónarmið að baki sáttmálanum að mannréttindavernd aðildarríkjanna á grundvelli sáttmálans sé samræmd. Því markmiði verður aðeins náð ef tekið er mið af dómaframkvæmd MDE við túlkun og beitingu ákvæða sáttmálans í landsrétti einstakra aðildarríkja. Sé ekki við fordæmi MDE eða annarra stofnana Evrópuráðsins að styðjast verður að ætla að íslenskir dómstólar og stjórnvöld hagi niðurstöðum sínum til samræmis við þau meginviðhorf og sjónarmið sem orðið hafa til á vettvangi þessara stofnana sem og fræðikenningar um efnið þegar við á.⁵⁶

Hrafn Bragason hefur lýst svipaðri afstöðu til gildis úrlausna alþjóðlegra úrskurðaraðila við skýringu íslenskra laga. Hann bendir á að alþjóðasáttmálum fylgi lögskýringarreglur og venjur af erlendum vettvangi:

Sé ekki eftir þeim lögskýringum farið er það ávísun á málshöfðun fyrir alþjóðlegu úrskurðarvaldi. ... [Dómstólar aðildarríkja] verða því að taka upp þessar lögskýringaraðferðir. Á þennan hátt verður réttur þessara ríkja smám saman alþjóðlegri.⁵⁷

Þau viðhorf sem að framan voru rakin hafa sumpart fengið staðfestingu í dómum Hæstaréttar þegar með berum orðum er vísað til tiltekinna úrlausna mannréttindanefndarinnar eða MDE, en nánar verður fjallað um svokölluð bein áhrif í kafla 4.2. Hefur því verið haldið fram að íslenskir dómstólar fari allajafna eftir túlkun MDE í úrlausnum sínum þegar kemur að ákvæðum sáttmálans þótt það heyri til undantekninga að vísað sé beint til fordæma MDE.⁵⁸

Líkt og fram kemur í kafla 3.2.1 eru formlega til staðar heimildir til að víkja frá fordæmum. Þó verður að telja að slík frávik verði ekki réttlætt frá sjónarhóli þjóðaréttarins vegna hættu á þjóðréttarbroti, nema því aðeins að vikið sé frá eldri fordæmum á grundvelli nýrra úrlausna þjóðaréttarlegra úrskurðaraðila, svo sem MDE, eða breyttra fræðikenninga sem gera má ráð fyrir að viðurkenndar séu þótt ekki hafi reynt á þær í framkvæmd.⁵⁹

⁵⁵ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 76-77; Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 314-315.

⁵⁶ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 76; Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 315-316.

⁵⁷ Hrafn Bragason: „Mörk dómssvaldsins. Hefur hlutverk dómstóla breyst?“, bls. 61.

⁵⁸ Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 90.

⁵⁹ Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“, bls. 76-77; Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 316.

Að lokum skal tekið fram að í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 62/1994 segir að til efnda skuldbindinga sinna samkvæmt MSE verði aðildarríki hans að „haga löggjöf, stjórn- og dómsýslu sinni“ þannig að réttindi samkvæmt sáttmálanum séu virt.⁶⁰ Þessi ummæli greinargerðarinnar undirstrika enn frekar þann veruleika sem íslenskir dómstólar standa frammi fyrir. Til að efna þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem aðild að MSE leggur íslenska ríkinu á herðar er dómstólunum ekki annað fært en að taka fullt tillit til fordæma MDE. Aðeins þannig geta þeir staðið vörð um þau réttindi sem sáttmálinn færir einstaklingum á íslensku yfirráðasvæði, eins og inntak hans er túlkað hverju sinni.

4 Bein áhrif úrlausna Mannréttindadómstóls Evrópu á dómaframkvæmd Hæstaréttar í sakamálum

4.1 Inngangur

Eins og undirtitill ritgerðarinnar og þessa kafla ber með sér verður nú leitast við að greina þau beinu áhrif sem dómafordæmi MDE hafa haft á úrlausnir Hæstaréttar Íslands í sakamálum og verða af því tilefni reifaðir helstu dómur réttarins þar sem áhrifanna gætir.⁶¹ Með beinum áhrifum er í ritgerð þessari átt við þau tilvik þegar vísað er berum orðum til fordæma MDE við túlkun og beitingu ákvæða MSE, stjórnarskrárinnar eða almennra laga í dómsúrlausnum réttarins. Þá verður eftir fremsta megni lagt mat á það hvort niðurstaða Hæstaréttar í eintökum málum þar sem beinna áhrifa gætir hefði orðið önnur ef fordæmisins hefði ekki notið við. Umfjöllunin hefst með dómi Hæstaréttar 19. janúar 1990, *Hrd. 1990, bls. 2*, en talið hefur verið að sá dómur „marki þáttaskil í lögfræðilegri umræðu um stöðu þjóðréttarsamninga sem réttarheimildar í íslenskum rétti“, og nær fram til dagsins í dag.⁶²

4.2 Dómaframkvæmd Hæstaréttar þar sem beinna áhrifa gætir

4.2.1 Dómaframkvæmd fyrir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu

Áður en fjallað verður um *Hrd. 1990, bls. 2*, er rétt að vekja athygli á því að með dómnum vék rétturinn frá fyrri fordæmum sínum í sambærilegum málum, meðal annars í *Hrd. 1985, bls. 1290*, og *Hrd. 1987, bls. 365*, sem báðir vörðuðu skipan lögregluvalds og dómsvalds í héraði. Þar var því hafnað að hin lögbunda skipan, sem fól í sér að sami maður færi í senn með lögreglustjórn og dómsvald í sakamálum, bryti í bága við stjórnarskrá, meðal annars

⁶⁰ Alþt. 1993-1994, A-deild, bls. 784.

⁶¹ Athugast skal að í a.m.k. fjórum sératkvæðum dómara við Hæstarétt í sakamálum hefur gætt beinna áhrifa af úrlausnum MDE. Er um að ræða sératkvæði í málum: *Hrd. 2002, bls. 4166 (328/2002)*; *Hrd. 16. mars 2007 (92/2007)*; *Hrd. 30. mars 2007 (178/2007)*; *Hrd. 11. maí 2007 (255/2007)*.

⁶² Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 275.

ákvæði 2. gr. um þrískiptingu ríkisvaldsins, og áréttað að ákvæði MSE hefðu ekki lagagildi hér á landi og gætu því ekki breytt henni. Niðurstaða beggja málanna var kærð til Mannréttindanefndar Evrópu. Um fyrrnefnda málið komst nefndin að þeirri niðurstöðu í einróma áliti sínu að brotið hafi verið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE þar sem sakborningur hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir óhlutdrægum dómstóli, sbr. *Skýrsla MNE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 8. mars 1989 (12170/86)*. Ríkisstjórn Íslands gerði í kjölfarið sátt við sakborninga málanna beggja en þeir höfðu báðir verið sakfelldir fyrir brot sín. Mannréttindanefndin skaut málinu til MDE sem staðfesti að sú skipan sem gildi hérlendis fengi ekki staðist 1. mgr. 6. gr. MSE um óvilhallan dómstól sbr. *MDE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 1. mars 1990 (12170/86)*, en málinu lauk með sátt fyrir dómstólnum.⁶³

Í *Hrd. 1990, bls. 2*, voru málavextir þeir að G var ákærður fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í sakadómi Árnassýslu var hann fundinn sekur og dæmdur í tveggja mánaða fangelsi. Fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærða að dómurinn yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Var sú krafa meðal annars á þeim rökum reist að það bryti í bága við ákvæði stjórnarskrár og 1. mgr. 6. gr. MSE að dómarafulltrúinn sem kvað upp dóminn hefði einnig verið fulltrúi lögreglustjórans, en hann starfaði á ábyrgð sýslumannsins í Árnassýslu. Einu afskipti dómarafulltrúans af rannsókn málsins voru þau að hann sendi málið til fyrirsagnar ríkissaksóknara.

Fram kemur í dómi Hæstaréttar að MSE hafi verið fullgiltur fyrir Íslands hönd árið 1953 og síðan er ákvæði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð fyrir dómi tekið beint upp. Þá er vísað í ræðu Bjarna Benediktssonar, þáverandi dómsmálaráðherra, á þingi haustið 1951 þegar ríkisstjórnin leitaði fyrst eftir samþykki Alþingis til aðildar að MSE þar sem hann heldur því fram að þau réttindi sem sáttmálinn mælir fyrir um séu „nú þegar beinlínis veitt borgurunum berum orðum í íslenskri löggjöf og að nokkru leyti í sjálfri stj. skr., eða þá, að það eru slík grundvallarréttindi, að þau eru talin felast í meginreglum íslenskra laga, ...“. Í framhaldi segir svo í dómi Hæstaréttar:

Af þessu verður ráðið, að ríkisstjórnin taldi, þegar mannréttindasáttmálinn var fullgiltur, að íslenskar réttarreglur væru í samræmi við hann, eins og sáttmálinn var þá skýrður. Eftir þetta hafa mörg ákvæði hans verið nánar skýrð við meðferð kærumála hjá Mannréttindanefndinni og Mannréttindadómstóli Evrópu. Með fullgildingunni gekkst Ísland að þjóðarétti undir að hlíta ákvæðum sáttmálans.

⁶³ Sbr. Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 266.

Í V. kafla dómsins eru færð rök fyrir niðurstöðu réttarins í máli þessu, en meðal þeirra eru eftirfarandi rök:

Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið sig til að virða mannréttindasáttmála Evópu. Mannréttindanefnd Evrópu hefur einróma ályktað, að málsmeðferðin í máli Jóns Kristinssonar [*Hrd. 1985, bls. 1290, innsk. höf.*], sem fyrr er lýst, hafi ekki verið í samræmi við 6. gr. 1. mgr. mannréttindasáttmálans. Ríkisstjórn Íslands hefur, eftir að fyrrgreindu máli var skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu, gert sátt við Jón Kristinsson, svo og annan mann sem kært hefur svipað málefni með þeim hætti sem lýst hefur verið. Í 36. gr. 7. tl. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir meðal annars, að dómari skuli víkja úr dómarsæti, ef hætta er á því, „að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“. Þessu ákvæði ber einnig að beita um opinber mál skv. 15. gr. 2. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þá segir að lokum í dómi Hæstaréttar:

Í máli þessu hefur ekkert fram komið, sem bendir til þess, að dómarafulltrúinn, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi litið hlutdrægt á málavöxtu. Hins vegar verður að fallast á það með Mannréttindanefnd Evrópu, að almennt verði ekki talin næg trygging fyrir óhlutdrægni í dómstörfum, þegar sami maður vinnur bæði að þeim og lögreglustjórn. Með tilliti til þess, sem rakið hefur verið, ber nú að skýra fyrrgreind lagaákvæði þannig, að sýslumanninum í Árnæssýslu og fulltrúa hans, sem kvað upp héraðsdóminn, hafi borið að víkja sæti í máli þessu. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Árnæssýslu og vísa því heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.⁶⁴

Af forsendum Hæstaréttar í máli þessu er ljóst að úrlausn Mannréttindanefndar Evrópu í máli *Jóns Kristinssonar gegn Íslandi* um túlkun á inntaki 1. mgr. 6. gr. MSE réði miklu við túlkun og beitingu réttarins á íslenskri réttarfarslöggjöf og stjórnarskrá, þvert á fyrri framkvæmd. Eins og fram hefur komið markar þessi dómur nýja stefnu í tengslum landsréttar og þjóðaréttar þar sem landsréttur er skýrður til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar, það er ákvæði sáttmálans eins og þau eru skýrð hverju sinni af alþjóðlegum úrskurðaraðila. Því hefur verið haldið fram að dómurinn hafi ekki aðeins fest í sessi hina hefðbundnu lögskýringarreglu að skýra beri landsrétt til samræmis við þjóðarétt, heldur rýmkað gildissvið hennar á þann hátt að þjóðréttarreglur geti einnig „haft áhrif á skýringu stjórnarskrár og leitt til þess að lög, sem áður voru talin samrýmast henni, gera það ekki lengur.“⁶⁵

Tæpum mánuði síðar kvað Hæstiréttur upp dóm í kærumáli, *Hrd. 1990, bls. 92*. Málið, sem varðaði innflutning kókaíns, barst réttinum með málskoti ríkissaksóknara á úrskurði sakadóms í ávana- og fikniefnamálum. Krafdíst ríkissaksóknari þess að úrskurðinum yrði hrundið og sakadómaranum gert skylt að halda dómsmeðferð málsins áfram. Sakadómari hafði vikið sæti í málinu af sjálfsdáðum vegna fyrri afskipta sinna af því á rannsóknarstigi, en þá kvað hann meðal annars upp þrjá gæsluvarðhaldsúrskurði á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr.

⁶⁴ Við reifun á dómnum var stuðst við: Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 275-277; Sigurður Línal: *Um lög og lögfræði I*, bls. 266-268.

⁶⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 281.

laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Taldi hann það ekki í samræmi við 1. mgr. 6. gr. MSE eins og hún væri skýrð af MDE, að dómari sem áður hefði byggt ákvörðun sína um gæsluvarðhald á fyrrnefndu lagaákvæði, tæki þátt í dómsmeðferð máls. Ákvæði 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 hljóðaði svo:

Mann má því aðeins setja í gæsluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Gæsluvarðhaldi skal að jafnaði beita: ... 4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Í dómi Hæstaréttar segir að orðalag ákvæðisins feli það í sér að dómari verði að meta, hvort ætla megi, að sakborningur hafi framið brot sem varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi. Þá tekur við svipuð umfjöllun og í *Hrd. 1990, bls. 2*, um aðild Íslands að MSE, þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem fullgildingin hafði í för með sér og þær breytingar sem orðið hafi á inntaki margra ákvæða sáttmálans við meðferð kærumála hjá mannréttindaneftindinni og MDE. Að lokum er vísað til fordæmis MDE við túlkun á 1. mgr. 6. gr. MSE í máli *MDE, Hauschildt gegn Danmörku, 24. maí 1989 (10486/83)*. Segir þar orðrétt í dómi Hæstaréttar:

Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 24. maí 1989 í svökölluðu Hauschildtmáli, sem reis milli dansks ríkisborgara og ríkisstjórnar Danmerkur, hefur dómstóllinn skýrt nánar, hvað felst í orðum 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans um óhlutdrægan dómstól. Meirihluti dómsins kemst þar að þeirri niðurstöðu, að það sé brot gegn þessu ákvæði, að dómara, sem nokkrum sinnum hafa úrskurðað sakborning í gæsluvarðhald á grundvelli sérstaks ákvæðis í dönskum réttarfarslögum, taki þetta sama mál til efnismeðferðar. Ákvæði danskra réttarfarslaga, sem hér um ræðir, gerir ráð fyrir því, að setja megi mann í gæsluvarðhald, ef *sérstök ástæða* er til að ætla, að hann hafi framið tiltekin brot. Meirihluti mannréttindadómstóls Evrópu var þeirrar skoðunar, að samkvæmt atvikum þessa danska máls yrði hlutleysi dönsku dómstólanna hugsanlega dregið í efa að ótti kæranda þar að lútandi væri því studdur hlutlægum rökum. Með dómi 9. janúar sl. í málinu nr. 120/1989 taldi Hæstiréttur Íslands, að skýra bæri áðurgreindan 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 með hliðsjón af mannréttindasáttmála Evrópu.

Niðurstaða réttarins var sú að sakadómaranum hafi verið rétt að víkja sæti á grundvelli 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði eins og hann yrði nú skýrður með hliðsjón af MSE og var því hinn kærði úrskurður staðfestur. Þessi niðurstaða er í fullu samræmi við *Hrd. 1990, bls. 2*, enda vísað sérstaklega til hans í forsendum dómsins. Í máli þessu vísar Hæstiréttur berum orðum til fordæmis MDE í Hauschildtmálinu þar sem dómurinn taldi það stangast á við 1. mgr. 6. gr. MSE að dómari sem kveðið hefði upp úrskurð um gæsluvarðhald á grundvelli sambærilegs ákvæðis og var að finna í íslenskum réttarfarslögum tæki þátt í dómsmeðferð málsins. Má slá því föstu að fordæmi MDE hafi hér

haft bein áhrif á túlkun Hæstaréttar á réttarfarslöggjöf og þar með niðurstöðu réttarins í þessu máli.⁶⁶

4.2.2 Dómaframkvæmd eftir lögfestingu Mannréttindasáttmála Evrópu

Í *Hrd. 1995, bls. 1444*, sem varðar sjálfstæði dómssvaldsins, var vísað berum orðum til dóms MDE í máli *Langborger gegn Svijþjóð, 22. júní 1989 (11179/84)*, við túlkun á skilyrði 1. mgr. 6. gr. MSE um sjálfstæðan og óvilhallan dómstól. Í því máli Hæstaréttar krafðist ákærði þess að dómur héraðsdóms yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til nýrrar málsmeðferðar og dómsálagningar. Kröfur sínar reisti hann á því, að sú skipan dómssvalds í héraði að fela dómarafulltrúa meðferð og úrlausn máls, eins og raunin var í hans máli, færi í bága við 2. gr. og V. kafla stjórnarskrárinnar. Jafnframt væri sú skipan andstæð 1. mgr. 6. gr. MSE. Í dómnum er fjallað á ítarlegan hátt um störf dómarafulltrúa, þá lagaumgjörð sem um þá gildi, eldri lög og hvernig störf þeirra hafa þróast í framkvæmd, en dómarafulltrúar störfuðu á grundvelli 6. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómssvalds og umboðssvalds í héraði. Í V. kafla dómsins þar sem ítarlega er fjallað um stöðu dómarafulltrúa í ljósi 2. gr. og 61. gr. stjórnarskrárinnar segir í niðurlagi:

Þótt ákvæði 6. gr. laga nr. 92/1989 sé nokkuð óljóst, verður ekki annað ráðið af ákvæðinu og greinargerð með því en að tilgangur löggjafans hafi verið sá, að dómarafulltrúar hlytu þjálfun til dómstarfa undir umsjón embættisdómara. Reyndin hefur orðið önnur, og fara dómarafulltrúar, svo sem áður tíðkaðist, með umfangsmikinn hluta dómaraverka í landinu í eigin nafni. Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 hefur dómsmálaráðherra formlega heimild til að víkja dómarafulltrúa úr starfi, án þess að hann þurfi að bera frávikninguna undir dómstóla. Efnisskilyrði brottvikningarinnar eru þó hin sömu og gilda um embættisdómara. Þótt dómarafulltrúa sé ranglega vikið úr starfi, fær hann það ekki aftur, heldur öðlast hann bótarétt á hendur ríkinu. Þá getur framkvæmdarvaldið í raun haft á það áhrif með ráðstöfunum sínum á stjórnsýslusviði dómstólanna, að endi verði bundinn á ráðningu dómarafulltrúa og launagreiðslu til hans, áður en langur tími líður. Í raun er staða dómarafulltrúa ekki önnur að þessu leyti en annarra ríkisstarfsmanna, sem ráðnir eru með uppsagnarfresti.

Þá tekur dómstóllinn ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE og fordæmi MDE til skoðunar og bendir á að fyrir lögtöku sáttmálans hafi Hæstiréttur kveðið á um það í dómnum sínum að skýra bæri íslensk lög, þar á meðal stjórnarskrána, í sem bestu samræmi við sáttmálann og nefnir í því samhengi meðal annars dóma *Hrd. 1990, bls. 2*, og *Hrd. 1990, bls. 92*. Um þessi efni segir í dómnum:

⁶⁶ Sambærilegt mál (*Hrd. 1990, bls. 266*) þar sem reyndi á sömu lagaákvæði kom til kasta Hæstaréttar tæpum mánuði síðar. Var dómur sakadóms felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað vegna fyrri afskipta sakadómarara af málinu á rannsóknarstigi með því að úrskurða sakborning í gæsluvarðhald, en sá dómari vék ekki sæti af sjálfsdáðum. Hæstiréttur vísaði til fyrri dóma sinna í málum *Hrd. 1990, bls. 2*, og *Hrd. 1990, bls. 92*.

Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa talið, að samkvæmt þessu ákvæði verði dómstólar að vera óháðir lögjafanum, framkvæmdarvaldshöfum og málsaðilum. Dómstóll verður ekki talinn sjálfstæður í skilningi ákvæðisins, nema dómara séu í störfum sínum óbundnir af fyrimælum frá öðrum og staða þeirra að öðru leyti ekki ótrygg meðan þeir eru í starfi. Í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu 22. júní 1989 í máli Langborgers gegn Svíþjóð segir, að við mat á þessu verði meðal annars að taka tillit til þess, hvernig tilnefningu dómara sé háttáð, til starfstíma þeirra, hvaða vörn sé gegn því, að óviðkomandi aðilar geti haft áhrif, og hvort dómurinn líti út fyrir að vera óháður. Mannréttindanefnd og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa talið kröfu greinarinnar um óvilhallan dómstól tvíþætta. Í áður greindum dómi dómstólsins segir þannig, að við úrlausn þess, hvort dómari sé vilhallur eða ekki, verði að greina á milli athugunar, er miði að því að ganga úr skugga um, hvaða viðhorf hafi ráðið hjá dómara í tilteknu máli (subjective test), og athugunar á því, hvort svo sé tryggilega um hnúta búið hlutlægt séð, að engin ástæða sé til að draga í efa, að dómari sé óvilhallur (objective test).

Í umræddum dómi MDE var tekið til skoðunar hvort sérstakur dómstóll í húsnæðismálum gæti talist sjálfstæður og óvilhallur samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Fjórir menn áttu sæti í dómstólnum, þar af voru tveir þeirra embættisdómarar en hinir tveir voru tilnefndir til starfans af samtökum leigjenda og húseigjenda. Niðurstaða MDE var sú að í ljósi málsatvika hafi kærandi mátt efast um að þeir dómara sem tilnefndir voru af fyrrnefndum samtökum og voru í nánum tengslum við þau hafi verið óvilhallir í umræddu máli.⁶⁷ Hæstiréttur, sem vísar berum orðum til dóms MDE í máli *Langborgers gegn Svíþjóð*, telur að málatilbúnaður ákærða gefi tilefni til hlutlægs mats á aðstæðum dómarafulltrúa gagnvart framkvæmdarvaldshöfum. Við það mat verði að líta til lagaákvæða og lagaframkvæmdar varðandi stöðu dómarafulltrúa í samanburði við þær kröfur sem ákærði má gera til dómsvalds í lýðræðisþjóðfélagi eins og þeim er lýst í áðurgreindum stjórnarskrárákvæðum og 1. mgr. 6. gr. MSE. Niðurstaða réttarins var sú að stöðu dómarafulltrúa væri þannig háttáð að ekki fengi samrýmst grunnreglum stjórnarskrárinnar um sjálfstæði dómsvaldsins, eins og þær verða skýrðar með hliðsjón af fyrrnefndu ákvæði MSE, til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð farið með dómstörf. Telja verður að túlkun MDE á inntaki 1. mgr. 6. gr. MSE og þau viðmið sem dómurinn setur fram í máli *Langeborgers gegn Svíþjóð* við mat á óvilhóllum dómstóli hafi haft bein áhrif á niðurstöðu meirihluta Hæstaréttar í þessu máli.

Í *Hrd. 2005, bls. 2171 (520/2004)*, var tekin afstaða til ellefu ákæruliða á hendur tvíburabæðrunum D og R fyrir brot á 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var þeim gefið að sök að hafa staðið að umfangsmiklum innflutningi fíkniefna til landsins, meðal annars í slagtoگی við Þjóðverjana K og S. Meðan málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi voru þeir K og S að afplána dóma í þýskum fangelsum og neituðu að gefa skýrslu fyrir dómnum. Íslensk yfirvöld freistuðu þess að fá mennina fyrir dóm með atbeina þýskra

⁶⁷ Eiríkur Tómasson: „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, bls. 235.

yfirvalda án árangurs. Ákærðu, sem báðir neituðu sök, voru sakfelldir í héraði og dæmdir til fangelsisvistar. Dómi héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar og komst meirihluti dómenda að þeirri niðurstöðu að sakfella bæri ákærðu fyrir flest brot sem þeir voru ákærðir fyrir.⁶⁸ Hvað sjöunda ákærðulið varðar voru ákærðu sýknaðir og segir svo í dómi Hæstaréttar:

Hins vegar er einungis fyrir að fara framburði [K] hjá lögreglu og fyrir dómi í Þýskalandi, sem studdur er af sambærilegum framburði [S], um lið 7 í ákæru, sem varðar flutning [K] á 13 kg af fíkniefnum um Seyðisfjarðarhöfn sem hann segir báða ákærðu hafa tekið við í Reykjavík. Þessi vitni komu ekki fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og ákærðu höfðu ekki færi á að spyrja þau eða láta spyrja, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 og d-lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað ákvæði d-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans svo, að heimilt sé að líta til vitnaskýrslna sem þessara til stuðnings öðrum sönnunargögnum. Þar sem ekki nýtur framburðar við aðalmeðferð málsins eða nægra annarra sönnunargagna sem styðja þennan framburð þykja ekki efni til sakfellingar ákærðu samkvæmt þessum lið ákærunnar og verða þeir sýknaðir af honum.

Dómur þessi er að því leyti frábrugðinn þeim dómum Hæstaréttar sem á undan eru reifaðir að vísað er á almennan hátt til túlkunar MDE á nefndu ákvæði sáttmálans en ekki til ákveðinnar úrlausnar réttarins. Má því segja að bein áhrif MDE séu ekki jafn sýnileg og ella þótt þeirra gæti vissulega við túlkun á inntaki 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sem þá voru í gildi, eins og ákvæðið var skýrt með hliðsjón af d-lið 3. mgr. 6. gr. MSE. Í nógildandi lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála er að finna samhljóða ákvæði í 1. mgr. 111. gr. laganna. Umrædd ákvæði fela í sér meginregluna um milliliðalaus sönnunarfærslu í sakamálum.⁶⁹ Hæstiréttur tekur mið af því sem MDE hefur talið heimilt við sönnunarmat í sakamálum, þ.e. „að heimilt sé að líta til vitnaskýrslna sem þessara til stuðnings öðrum sönnunargögnum“ en telur einfaldlega að sönnunargögnum varðandi þennan ákærulið sé svo áfátt að ekki séu efni til að leggja framburð þeirra K og S til grundvallar sakfellingu.

Athyglisverður er *Hrd. 2005, bls. 3214 (248/2005)*. Málið er ekki sakamál en höfundur telur engu að síður að það rúmist innan efnis þessarar ritgerðar vegna tengsla þess við sakamál og sakamálaréttarfar. Árið 1999 var K sakfelld fyrir umferðarlagabrot og dæmd til greiðslu sektar og sakarkostnaðar en hún greiddi aðeins sektina. Af því tilefni krafðist lögreglustjórinn í Reykjavík fjárnáms fyrir ógreiddum sakarkostnaði en því lauk sem árangurslausu á grundvelli yfirlýsingar um eignaleysi K. Hún krafðist þess síðar fyrir héraðsdómi að fjárnámið yrði fellt úr gildi. Reisti hún kröfu sína meðal annars á því að innheimta sakarkostnaðarins færi í bága við c-lið 3. mgr. 6. gr. MSE þegar fyrir lægi að hún

⁶⁸ Við reifun á dómnum var að nokkru stuðst við: Eiríkur Tómasson: *Dómar í sakamálaréttarfari*, bls. 375-376.

⁶⁹ Sbr. Eiríkur Tómasson: „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, bls. 254; Þskj. 252, 135. lögþ. 2007-08, bls. 148 (enn óbirt í A-deild Alþt.).

hefði ekki bolmagn til að greiða slíkan kostnað. Í 2. málsl. ákvæðisins segir að sakborningur sem ekki hafi nóg fé til að greiða fyrir lögfræðiaðstoð skuli fá hana ókeypis sé það nauðsynlegt vegna réttvísinnar. Því var ómótmælt í málinu að K væri öryrki með lágmarkstekjur. Héraðsdómari féllst að hluta á kröfu K og taldi að fella bæri niður þann hluta fjárnámsins sem laut að greiðslu þóknunar til skipaðs verjanda en að öðru leyti skyldi fjárnámsgerðin standa óbreytt, þ.e. vegna kostnaðar af rannsókn málsins. Fyrir Hæstarétti krafðist K þess einungis að úrskurður héraðsdóms yrði staðfestur. Kom því aðeins sá hluti fjárnámsgerðarinnar er laut að málsvarnarlaunum verjanda til úrlausnar fyrir réttinum. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms í málinu. Í niðurstöðukafla dómsins segir eftirfarandi um tilvitnað ákvæði MSE:

Samkvæmt c. lið 3. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo sem mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt það ákvæði, ber íslenska ríkinu að sjá svo um að þegnum þess sé unnt að sanna vanhæfi til greiðslu málsvarnarlauna í opinberu máli við innheimtu slíks kostnaðar. Þótt dómur mannréttindadómstóls Evrópu séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti, sbr. 2. gr. laga nr. 62/1994, er rétt að líta til skýringa hans á áðurgreindu ákvæði. ... Þar sem varnaraðili þykir hafa sannað að hún hafi hvorki eignir né tekjur til að standa straum af greiðslu málsvarnarlaunanna ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdómara með vísan til þess rökstuðnings hans að skýra verði ákvæði 3. mgr. 168. gr. laga [nr. 19/1991, innsk. höf.] um meðferð opinberra mála með hliðsjón af tilvitnuðu ákvæði mannréttindasáttmálans.

Eins og í *Hrd. 2005, bls. 2171*, vísar Hæstiréttur berum orðum til þess hvernig MDE hefur túlkað umrætt ákvæði sáttmálans í dómum sínum þótt ekki sé vísað til ákveðinnar úrlausnar dómstólsins. Telja verður að hér gæti beinna áhrifa af fordæmum MDE við beitingu réttarfarslögjafar eins og hún er skýrð með hliðsjón af MSE, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Vakin er athygli á þeim orðum Hæstaréttar að rétt sé að líta til skýringa MDE á umræddu ákvæði sáttmálans þrátt fyrir það að „dómur mannréttindadómstóls Evrópu séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti, sbr. 2. gr. laga nr. 62/1994“. Telur höfundur að hér sé bæði haldið og sleppt af hálfu réttarins enda hljóti fordæmi MDE að binda dómara Hæstaréttar ef þeir telja „rétt“ að líta til skýringa hans á inntaki sáttmálans. Má því túlka ummælin á þann veg að 2. gr. laga nr. 62/1994 hafi í reynd lítið sjálfstætt gildi að íslenskum rétti. Öll dómaframkvæmd Hæstaréttar frá lögfestingu MSE ber að sama brunn. ⁷⁰

Að lokum verður tekin til umfjöllunar nýlegur dómur, *Hrd. 22. september 2010 (371/2010)*, sem snerist um réttinn til að þurfa ekki að sæta endurtekinni málsmeðferð eða

⁷⁰ Þess ber að geta að dómur þessi varð tilefni til nýmælis í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í 1. mgr. 221. gr. laganna er að finna svohljóðandi ákvæði: „Nú liggur nægilega ljóst fyrir að sakfelldur maður hefur hvorki eignir né tekjur til að standa straum af sakarkostnaði sem honum hefur verið gert að greiða og ber þá að falla frá kröfu á hendur honum um greiðslu kostnaðarins.“ Er þetta óbeint merki um áhrif úrlausna MDE á lögjafann, en hin nýja lagaregla gengur enn lengra en dómur Hæstaréttar og tekur til alls sakarkostnaðar.

tvöfaldri refsingu – ne bis in idem – sem kveðið er á um í 4. gr. 7. viðauka við MSE. Málið barst til Hæstaréttar með kæru ákærvaldsins á úrskurði héraðsdómara sem vísað hafði máli þess á hendur fjórum aðilum frá að hluta. Ákærðu reistu frávísunarkröfu sína fyrir héraðsdómi meðal annars á því að þau hefðu þegar mátt þola refsingu í formi skattaálags fyrir þau brot sem verið væri að saksækja þau fyrir þannig að með málarekstri ákærvaldsins væri brotið gegn 4. gr. 7. viðauka við MSE, sbr. lög nr. 62/1994. Fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið þess meðal annars að hinn kærði úrskurður yrði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar í heild. Var sú krafa reist á því að málsmeðferð til úrlausnar um þá þætti ákæru sem vísað var frá héraðsdómi bryti ekki í bága við fyrrnefnt ákvæði MSE, einkum þegar virt væri *Ákv. MDE, Rosenquist gegn Svíþjóð, 14. september 2004 (60619/00)*. Ákærðu, sem kröfðust staðfestingar hins kærða úrskurðar, reistu kröfu sína á því að skýra bæri ákvæði laga nr. 62/1994 til samræmis við dóm yfirdeildarinnar í máli *MDE, Zolotukhin gegn Rússlandi, 10. febrúar 2009 (14939/03)*.

Í dómi Hæstaréttar er vísað til lögfestingar MSE hér á landi ásamt 7. viðauka hans, sbr. 5. tl. 1. mgr. 1. gr. laganna. Þá er efni margnefnds ákvæðis 2. gr. laga nr. 62/1994 tekið upp í dómnum. Í framhaldi af því kemst rétturinn svo að orði:

Með ákvæði þessu hefur löggjafinn áréttað að þrátt fyrir lögfestingu sáttmálans sé enn byggt á grunnreglunni um tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar að því er varðar gildi úrlausna þeirra stofnana sem settar hafa verið á fót samkvæmt sáttmálanum. Þótt dómstólar líti til dóma mannréttindadómstólsins við skýringu sáttmálans þegar reynir á ákvæði hans sem hluta af íslenskum landsrétti, leiðir af þessari skipan að það er verkefni löggjafans að gera nauðsynlegar breytingar á landsrétti til að virða skuldbindingar samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. ... er ljóst að hér á landi er á því byggt að heimilt sé að fjalla um brot gegn skattalögum í tveimur aðskildum málum þótt þau geti átt rót sína að rekja til sömu eða samofinna atvika. Ef kröfur varnaraðila yrðu teknar til greina hefði því í reynd verið slegið föstu að þessi skipan fái ekki staðist.

Þá segir í dómi réttarins að dómaframkvæmd MDE hafi verið misvísandi „um þau atriði sem miðað skal við þegar metið er hvort fjallað sé um sama brot í fyrri og síðari úrlausn um refsiverða háttsemi.“ Dómstóllinn hafi þó hafnað því að 4. gr. 7. viðauka komi í veg fyrir „að annars vegar sé fjallað um endurákvörðun skatta og beitingu álags vegna brots á reglum um framtalsskyldu og hins vegar refsingar í öðru máli í tilefni af sömu málsatvikum, ...“. Er í því sambandi vísað til fyrrnefndrar ákvörðunar MDE í máli *Rosenquist gegn Svíþjóð* og *Ákv. MDE, Ponsetti og Chesnel gegn Frakklandi, 14. september 1999 (36855/97 og 41731/98)*. Þrátt fyrir nýrri dóm yfirdeildar MDE í máli *Zolotukhin gegn Rússlandi* þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu telur rétturinn að óvissu gæti „um skýringu bæði á gildissviði og

inntaki 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka“ enda hafi ekki verið samræmi í skýringu ákvæðisins í dómum MDE. Þá segir í dómi Hæstaréttar:

Engin fordæmi eru fyrir því frá mannréttindadómstólnum um að það fari í bága við 4. gr. 7. viðauka mannréttindasáttmálans að stjórnvöld beiti álagi á skattstofna vegna brota á reglum um að telja fram til skatts og að sama manni sé í öðru máli gerð refsiviðurlög fyrir dómi vegna sömu málsatvika. Þvert á móti hefur sú skipan ekki verið talin andstæð fyrrnefndu ákvæði ... Þótt dómur mannréttindadómstólsins 10. febrúar 2009 í máli Zolotukhin gegn Rússlandi hafi markað breytta stefnu um skýringu 4. gr. 7. viðauka er til þess að líta að það mál varðaði aðstæður, sem ólíkar voru þessu máli, Svo að til greina komi að slá því föstu að þessi skipan skattamála hér á landi fái ekki staðist vegna ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu verður að minnsta kosti að liggja skýrt fyrir að íslensk lög fari í bága við þau, eftir atvikum í ljósi fordæma mannréttindadómstólsins. Þegar af þeirri ástæðu að ekki stendur þannig á í máli þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Vitanlega má greina bein áhrif af úrlausnum MDE á niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli en hún vekur upp spurningar um það hvort rétturinn hafi lagt rétt mat á fyrirbyggjandi dómaframkvæmd dómstólsins við túlkun á 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka sáttmálans. Róbert R. Spanó hefur sett fram rökstuddar athugasemdir við dóm Hæstaréttar.⁷¹ Það er meðal annars skoðun hans „að rök standi ekki til þess að telja réttarstöðuna hvað varðar gildissvið 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka óskýra eftir dóm yfirdeildarinnar í *Zolotukhin* ...“ og þær úrlausnir sem hafa komið í kjölfarið.⁷² Þá telur hann að MDE hafi með dómi yfirdeildarinnar með öllu vikið frá fyrri skilningi dómstólsins á inntaki skilyrðisins um sama brot í 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka og að ekkert bendi til þess að skilja beri niðurstöðu dómsins á þann veg að hin nýja og samræmda túlkun á skilyrðinu eigi eingöngu við um sakarefnið í málinu sjálfu. Í niðurstöðu Hæstaréttar hafi mikið vantað upp á forsendur réttarins „fyrir þeirri ályktun að óvissu gæti um skilning á skilyrðinu um sama brot ... og að lagalega hafi verið fært að byggja á úrlausnum MDE um meðferðarhæfi kæru í *Ponsetti* og *Rosenquist* við túlkun á 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka.“⁷³ Þá heldur Róbert því fram að dómum yfirdeildarinnar beri að veita aukið vægi þegar lagt er mat á hvaða þýðingu einstakir dómar MDE eigi að hafa á túlkun ákvæða sáttmálans.⁷⁴

Vegna stöðu yfirdeildarinnar í réttarkerfi MDE hljóta úrlausnir hennar að hafa aukið vægi við túlkun ákvæða sáttmálans. Niðurstaða Hæstaréttar í umræddu máli er reist á því að vegna misvísandi dómafordæma MDE um skýringu á inntaki og gildissviði umrædds ákvæðis verði því ekki slegið föstu að íslensk lög fari í bága við sáttmálann. Niðurstaða réttarins er vissulega umdeilanleg, einkum vegna þess að þar er stuðst við eldri dómaframkvæmd MDE við

⁷¹ Sjá Róbert R. Spanó: „,,Ekki tvisvar fyrir það sama“ – Athugasemdir við dóm Hæstaréttar 22. september 2010 í máli nr. 371/2010“.

⁷² Sama heimild, bls. 388.

⁷³ Sama heimild, bls. 385 og 389.

⁷⁴ Sama heimild, bls. 383-384.

skýringu á 4. gr. 7. viðauka en nýlegri dómi yfirdeildar dómstólsins í máli *Zolotukhin gegn Rússlandi* ekki gefið það vægi sem honum sýnist hafa borið. Í þeim stefnumarkandi dómi var þó sérstaklega leitast við að „veita almennar og samræmdar leiðbeiningar um túlkun ákvæðisins fyrir framtíðina ...“ hvað varðar skilyrðið um sama brot og horfið aftur til fyrri viðmiða við afmörkun á gildissviði ákvæðisins.⁷⁵ Þá hefur hin nýja túlkun yfirdeildarinnar á inntaki og gildissviði umrædds ákvæðs sáttmálans fengið staðfestingu í síðari framkvæmd dómstólsins í málum *Ákv. MDE, Ruotsalainen gegn Finnlandi, 16. júní 2009 (13079/03)*, *MDE, Maresti gegn Króatíu, 25. júní 2009 (55759/07)* og *MDE, Tsonev gegn Búlgaríu, 14. janúar 2010 (2376/03)*, en ákvörðun dómstólsins í fyrstnefnda málinu var á sviði skatta- og gjaldaréttar.⁷⁶ Þessar úrlausnir sem lágu fyrir þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn og vísað er til þess orðum í niðurstöðu réttarins benda til þess að hin nýja túlkun eigi ekki aðeins við þegar aðstæður eru sambærilegar máli *Zolotukhin gegn Rússlandi*. Verður því að telja lítið hald í þeim röksemdum Hæstaréttar að aðstæður í umræddu máli MDE, þar sem stefnubreyting varð um skýringu 4. gr. 7. viðauka MSE, hafi verið ólíkar aðstæðum í því máli sem var til úrlausnar fyrir réttinum og því séu ekki efni til að fylgja hinni breyttu stefnu.

5 Samantekt og niðurstöður

Í þessari ritgerð leitast höfundur við að greina áhrif úrlausna MDE að landsrétti og þjóðarétti og bein áhrif þeirra á niðurstöður Hæstaréttar Íslands í sakamálum. Í upphafi er fjallað á almennan hátt um MSE sem sjálft eftirlitskerfið er reist á. Gerð er grein fyrir lögfestingu sáttmálans með lögum nr. 62/1994 og breyttri réttarheimildalegri stöðu hans í kjölfarið. Þá er farið stuttlega yfir kenningarnar tvær um tengsl landsréttar og þjóðaréttar, gerð grein fyrir stöðu þjóðréttarsamninga í tvíeðlisréttarkerfi og dómaframkvæmd skoðuð í því samhengi. Fjallað er um þá stefnubreytingu sem varð í Hæstarétti við upphaf tíunda áratugar síðustu aldar þegar farið var að beita ákvæðum MSE þótt hann hefði ekki verið lögfestur. Að lokum eru reifaðar röksemdir löggjafans fyrir lögfestingu sáttmálans og lagt mat á réttarheimildalega stöðu sáttmálans en því hefur verið haldið fram að hann megi skoða sem stjórnarskrárígildi.

Í þriðja kafla er rætt á almennan hátt um MDE, tilurð dómstólsins, hlutverk hans og skipulag. Þá er fjallað um áhrif úrlausna dómstólsins. Í upphafi er farið yfir kenningar íslenskra fræðimanna um fordæmi sem réttarheimild, hvort fordæmi séu bindandi og hvað réttlæti frávik frá fordæmi. Meginviðhorfið er að í formlegum skilningi bindi fordæmi ekki hendur dómstóla en almennt beri að fara eftir þeim í sambærilegum málum, nema gild rök

⁷⁵ Sama heimild, bls. 359 og 376

⁷⁶ Sama heimild, bls. 368 og 382-383.

réttlæti aðra niðurstöðu. Því næst er þjóðréttarlegt gildi úrlausna MDE tekið til umræðu. Þá er farið yfir hvað felst í þjóðréttarlega bindandi úrlausnum en þær geta haft í för með sér þjóðréttarleg viðurlög og skyldu til lagabreytinga þótt MDE sé á engan hátt áfrýjunardómstóll og hnekki ekki dómum Hæstaréttar. Í lok kaflans er fjallað um réttarheimildalegt gildi úrlausna MDE, það er gildi þeirra sem fordæmis að landsrétti. Færð eru fyrir því rök að íslenskir dómstólar séu í reynd enn bundnari af fordæmum MDE en sínum eigin og að frávik frá þeim verði ekki réttlætt frá sjónarhóli þjóðaréttarins nema við sérstakar aðstæður.

Í fjórða kafla eru reifaðir dómur Hæstaréttar í sakamálum frá árinu 1990 þar sem berum orðum er vísað til úrlausna MDE og eftir atvikum Mannréttindanefndar Evrópu. Niðurstaða höfundar er sú að í sakamálum þar sem beinna áhrifa gætir hafi Hæstiréttur, allt frá *Hrd. 1990, bls. 2*, nánast ævinlega tekið fullt tillit til úrlausna MDE við skýringu á ákvæðum MSE, stjórnarskrárinnar og almennra laga eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Má slá því föstu að samræmi sé í umræddum dómum og að ítrustu mannréttinda borgaranna hafi að jafnaði verið gætt, bæði fyrir og eftir lögfestingu sáttmálans. Aðeins einn dómur kemur til greina sem undantekning í þessum efnum, það er *Hrd. 22. september 2010 (371/2010)*. Dómurinn vekur vissulega upp spurningar um hvort breyting hafi orðið á framkvæmd réttarins hvað varðar þýðingu úrlausna MDE. Verður þó varla dregin sú ályktun að stefnubreyting hafi orðið í þessum efnum og því engin ástæða til að ætla annað en að Hæstiréttur muni hér eftir sem hingað til kosta kapps um að taka fyllsta tillit til ákvæða mannréttinasáttmálans eins og þau eru skýrð hverju sinni af MDE. Þó telur höfundur verulegar líkur á því að mannréttindi aðila málsins hafi ekki verið virt og að íslenska ríkið yrði fundið brotlegt í kærumáli fyrir MDE.

Það heyrir til undantekninga að vísað sé berum orðum til úrlausna stofnana Evrópuráðsins í dómum Hæstaréttar og er því oftast en ekki örðugt um vik að meta hvort að rétturinn taki í reynd tillit til þeirra í úrlausnum sínum. Frá árinu 1990 hefur MDE kveðið upp tvo áfellingisdóma í kærumálum gegn íslenska ríkinu þar sem kærð var niðurstaða Hæstaréttar í sakamáli.⁷⁷ Í þeim dómum gætti ekki beinna áhrifa af úrlausnum MDE.⁷⁸ Erfitt er að meta hvort niðurstöður Hæstaréttar hefðu orðið á annan veg ef beinna áhrifa af úrlausnum MDE hefði gætt. Æskilegt er að rétturinn vísi berum orðum til úrlausna MDE þegar það á við, enda bendir rannsókn á dómaframkvæmd réttarins í þeim málum þar sem beinna áhrifa gætir til þess að þá sé ítrustu mannréttinda borgaranna nánast ávallt gætt. Þá er sá háttur jafnframt til þess fallinn að auka gagnsæi í dómaframkvæmd réttarins í mannréttindamálum.

⁷⁷ Það eru dómur í málum: *MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)*; *MDE, Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi, 15. júlí 2003 (44671/98)*.

⁷⁸ Um er að ræða dóma: *Hrd. 1987, bls. 1280*; *Hrd. 1998, bls. 2058*.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi.

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði.* Reykjavík 1988.

Björg Thorarensen: „Formáli“. *Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að.* Ritstj. Björg Thorarensen. Reykjavík 2003, bls. 5-6.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi.* Reykjavík 2008.

David John Harris, Michael O'Boyle og Colin Warbrick: *Law of the European Convention on Human Rights.* London 1995.

Davíð Þór Björgvinsson: „Beiting Hæstaréttar Íslands á lögnum um Mannréttindasáttmála Evrópu“. *Tímarit lögfræðinga*, 4. hefti 2003, bls. 345-371.

Davíð Þór Björgvinsson: „EES-samningurinn og Mannréttindasáttmáli Evrópu sem réttarheimildir í íslenskum landsrétti“. *Úlfljótur*, 1. tbl. 1997, bls. 63-102.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar.* Reykjavík 2008.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Reykjavík 2005, bls. 29-88.

Dóra Guðmundsdóttir: „Um lögtöku Mannréttindasáttmála Evrópu og beitingu í íslenskum rétti“. *Tímarit lögfræðinga*, 3. hefti 1994, bls. 154-190.

Eiríkur Tómasson: „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Reykjavík 2005, bls. 196-265.

Eiríkur Tómasson: *Dómar í sakamálaréttarfari.* Reykjavík 2009.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur.* 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Hrafn Bragason: „Mörk dómsvaldsins. Hefur hlutverk dómstóla breyst?“. *Afmælisrit. Guðmundur Ingvi Sigurðsson átræður 16. júní 2002.* Seltjarnarnes 2002, bls. 49-67.

Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um fordæmi og valdmörk dómstóla.* Reykjavík 2003.

Róbert R. Spanó: „„Ekki tvisvar fyrir það sama“ – Athugasemdir við dóm Hæstaréttar 22. september 2010 í máli 371/2010“. *Úlfljótur*, 3. tbl. 2011, bls. 351-392.

Sigurður Líndal: *Um lög og lögfræði I. Grundvöllur laga – réttarheimildir.* 2. útgáfa. Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon: *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar. Fimm ritgerðir í almennri lögfræði og réttarheimspeki.* Reykjavík 2003.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1975, bls. 601
Hrd. 1985, bls. 1290
Hrd. 1987, bls. 356
Hrd. 1987, bls. 1280
Hrd. 1988, bls. 1532
Hrd. 1990, bls. 2
Hrd. 1990, bls. 92
Hrd. 1990, bls. 266
Hrd. 1992, bls. 174
Hrd. 1992, bls. 401
Hrd. 1993, bls. 355
Hrd. 1995, bls. 1444
Hrd. 1998, bls. 2058.
Hrd. 2002, bls. 4166 (328/2002)
Hrd. 2005, bls. 2171 (520/2004)
Hrd. 2005, bls. 3214 (248/2005)
Hrd. 16. mars 2007 (92/2007)
Hrd. 30. mars 2007 (178/2007)
Hrd. 11. maí 2007 (255/2007)
Hrd. 22. september 2010 (371/2010)

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

MDE, Hauschildt gegn Danmörku, 24. maí 1989 (10486/83)
MDE, Langborger gegn Svíþjóð, 22. júní 1989 (11179/84)
MDE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 1. mars 1990 (12170/86)
MDE, Þorgeir Þorgeirson gegn Íslandi, 25. júní 1992 (13778/88)
MDE, Sigurþór Arnarsson gegn Íslandi, 15. júlí 2003 (44671/98)
MDE, Zolotukhin gegn Rússlandi, 10. febrúar 2009 (14939/03)
MDE, Maresti gegn Króatíu, 25. júní 2009 (55759/07)
MDE, Tsonev gegn Búlgaríu, 14. janúar 2010 (2376/03)

Ákvarðanir Mannréttindadómstóls Evrópu:

Ákv. MDE, Ponsetti og Chesnel gegn Frakklandi, 14. september 1999 (36855/97 og 41731/98)
Ákv. MDE, Rosenquist gegn Svíþjóð, 14. september 2004 (60619/00)
Ákv. MDE, Ruotsalainen gegn Finnlandi, 16. júní 2009 (13079/03)

Skýrslur Mannréttindanefndar Evrópu:

Skýrsla MNE, Jón Kristinsson gegn Íslandi, 8. mars 1989 (12170/86)

LAGASKRÁ

Lög nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála

Lög nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði

Lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála

Lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu með síðari breytingum

Stjórnarskipunarlög nr. 97/1995 um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum

Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála